

Nr. 51/1889.

Sigríður Jónsdóttir

gegn

skiptaráðandanum í Eyjafjarðarsýslu, St. Thorarensen, og erfingjum Jóns Snorrasonar.

D ó m u r:

Mál þetta hefur áður verið fyrir yfirdóminum og var því þá stefnt þangað með stefnu dags. 25. ágústmán. 1888 og að fengnu uppreistarleyfi, dags. 30. júlímán s. á., þar sem áfrýjunarfresturinn var útrunninn, en því var þá vísað frá með dómi 17. júnímán. f. á. sökum galla á áfrýjunarstefnunni. Nú hefur hinu sama máli af nýju verið stefnt fyrir yfirdóminu með stefnu dags. 26. ágústmán. f. á. og með skírskotun til fyr-tjeds uppreistarleyfis dags. 30. júlímán. 1888. En þar sem liðið hafa samkvæmt þessu meira en 4 vikur frá frávísun málsins frá yfirdóminum 17. júnímán. f. á. og til þess er ný áfrýjunarstefna var tekin út í því, 26. ágústmán. f. á., verður heimildin til áfrýjunar þessarar, eptir að áfrýjunarfesturinn var útrunninn, eigi byggð á opttjedu uppreistarleyfi. Það verður því ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum. Hinir stefndu hafa eigi mætt nje látið mæta hjer fyrir rjettinum. Málsfærslulaun verða eigi eptir úrslitum málsins dæmd hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjandans.

Það vottast, að málið hefur verið rekið vítalaust af hálfu hins skipaða sækjanda.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá dómi.